

Val í 8. – 10. bekk

Nemendur í 8.-10. bekk skulu samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 eiga kost á vali um námsgreinar, allt að 1/5 af námstíma á hverjum vetri.

Frjálst val er 4 kennslustundir á viku. **Valið er um tvö mismunandi námskeið**; annað kennt á **þriðjudögum** og hitt á **fimmtudögum**. Valinu er skipt upp í 4 tímabil og er hvert tímabil 8 vikur. Að þessu sinni velja nemendur námskeið fyrir 2. tímabil sem nær fram í janúar.

Heimilt er skv. grunnskólalögum að meta skipulagt nám, sem er stundað utan skólans t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af frjálsum vali. Auk þess er heimilt að meta þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfbærliðastarfi. Þar að auki má meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi. Þetta fellur undir svokallað **utanskólaval**. Nemendur hafa þá frjálssar hendur með hvenær þeir skila þeim tímum sem falla undir utanskólavalið og er það ekki bundið við tímana kl. 13.50 – 15.10 á valdögum en skóla lýkur þá fyrir þessa nemendur kl. 13.40 á því tímabili sem utanskólavalið er valið.

Þegar búið er að raða í valhópa og upplýsingar komnar um hvaða nemendur hafa valið utanskólaval fá foreldrar & forsjáraðilar póst þar sem þeir eru upplýstir um að börn þeirra eru í utanskólavali viðkomandi tímabil.

Námsmat í vali er hæfnimiðað eins og annað námsmat í skólanum. Í sumum valnámskeiðum er gefið lokið/ólokið. Námsmatið er skráð á vitnisburðarblöð, sem nemendur fá í vor.

Nemendur í 9.- 10.bekk ganga fyrir í verkgreinar þar sem takmarkaður fjöldi kemst að.

Í þetta sinn velja nemendur fyrir 2. tímabil

Tímabil 2

11. nóvember – 20. janúar

Þriðjudagsval 13.50 – 15.10
Í aðdraganda jóla – heimilisfræði (IGJ)
Leirmótun (HE)
Saga íþróttanna (AEÁ)
Kvikmyndir (SG)
Jólagleði í textílmenntastofunni (EK)
Frístund (ÞK)
Utanskólaval (sjá skýringar)

6. nóvember – 8. janúar

Fimmtudagsval 13.50 – 15.10
Jólagleði í textílmenntastofunni (EK)
Leirmótun – jóla (KH)
Vatnslitamálan (HE)
Í aðdraganda jóla – heimilisfræði (HJG)
Frístund (ÞK)
Nemendaráð (BB)
Utanskólaval (sjá skýringar)

Tímabil 1

Þriðjudagsval

4. september – 30. október

kl. 13.50 – 15.10

Í aðdraganda jóla – heimilisfræði

Hver elskar ekki jólin? Á þessu valnámskeiði verða búnir til ýmsir réttir sem tengjast jólum og aðdraganda þeirra.

Markmið er að nemendur...

- Efli færni sína í matreiðslu og baksri.
- Tileinki sér hreinlæti og góð vinnubrögð.
- Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu með öðrum.
- Auki áhuga sinn fyrir matargerð og bakstri.

Námsmat: Hæfniviðmið í lotu og virkni í tímum.

Kennarar: Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir og Irma Gná Jakobsdóttir

Staður: Heimilisfræðistofa



Kvikmyndir

Á námskeiðinu verður horft á **vel valdar kvikmyndir**.

Dagbóarskrif / verkefni verða unnin út frá efni kvikmyndanna.

Námsmat: Hæfniviðmið í lotu og virkni í tímum

Kennari: Sigfús Guttormsson

Staður: Fyrirlestrasalur



Leirmótun

Nemendur fáist við einföld fjölbreytt verkefni þar sem þau hanna hluti frá náttúrunni, úr fantasíum, raunverulegum fyrirmyndum eða móti úr drauma hlutina sína. Lengd námskeiðs miðast við að nemandi geti lokið við tvo meðalstóra leirmuni eða fleiri minni.

Vinnufyrirkomulag

Hvað vilt þú búa til? Þú hefur tíma til að kanna mismunandi tækni og stíl annara fyrir innblástur. Ekki skilyrði en gott er að þú skissir upp hluti í þrívídd með réttum hlutföllum og skráir leirtegund og glerjunga. Varðveitir allar hugmyndir ef tími er fyrir aukahluti. Síðan mótar þú eftir teikningunni í nokkuð réttum hlutföllum, glerjar fyrir brennslu. Leyfilegt að nota fartölvu í tímunum.

Námsmat

Leiðsagnarmat sem samanstendur af jafningjamati og sjálfsmati. Gefið er fyrir í matskvarðanum A-D.

Kennari: Hrefna Egilsdóttir

Staður: Myndmenntastofa



Frístund

Markmið: Að læra að annast unga krakka og aðstoða þau í leik. Góður undirbúningur fyrir þá sem hafa hugsað sér að sækja um vinnu í Sumarfrístund.

Þáttakendur taka þátt í starfi í Frístund (eftir skóla fyrir börn í 1. – 4. bekk).

Verkefnið felst í að vera með börnunum í Frístund, leika við þau úti og inni, undirbúa kaffitíma og vera með þeim þar.

Umsjón: Þórdís Kristvinsdóttir

Staður: Frístund í Friðheimum /á leikvelli



Jólagleði – eitt og annað brasað í textílmenntastofunni

Markmið

Að nemendur efla færni sína og skilning í textílmennt.

Að nemendur efla sjálfstæð vinnubrögð og geti gert grein fyrir vinnu sinni.

Að nemendur eflist í samvinnu og að bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra.



Viðfangsefni

Nemendur vinna mismunandi verkefni í ólíkan efnivið. Hægt er t.d. að hekla, prjóna, sauma út, bútasauma og fleira. Nemendur eru hvattir til að koma með eigin óskir að verkefnavinnu og mun kennari veita handleiðslu þannig að nemendur geti nýtt færni sína og elft hana með verkefnavali.

Námsmat

Frammistöðumat út frá metanlegum hæfniviðmiðum og sjálfsmat nemenda. Áhersla er lögð á að nemendur nýti tímana vel og sýni frumkvæði og vönduð vinnubrögð.

Kennari: Esther Kjartansdóttir

Staður: Textílmenntastofa



Saga íþróttanna

Í þessum valáfanga er fjallað um þróun íþróttanna frá upphafi til dagsins í dag.

Nemendur kynnast helstu tímabilum, viðburðum og áhrifamönnum í íþróttasögu, bæði á Íslandi og erlendis.

Lögð er áhersla á umræðu, greiningu og tengingu við nútíma íþróttalíf.

Námsmat: Hæfniviðmið í lotu. Lokið/ólokið.



Kennari: Adam Eiður Ásgeirsson

Staður: Stofa 24

Utanskólaval

Nemendur geta skráð sig í utanskólaval ef ...

- Þeir stunda nám í tónlistarskóla (m. tónfræði)
- Þeir stunda nám í áföngum í ME.
- Æfa skipulagðar íþróttir.
- Taka þátt í skipulögðu sjálfboðaliðastarfi (Rauði kross, björgunarsveitir, Bíbí, ...)

Utanskólavalið er hægt að velja á þriðjudögum og fimmtudögum en þó ekki báða daga á sama tímabili.

Foreldrar & forsjáraðilar munu fá póst þar sem þeir eru beðnir um að staðfesta utanskólaval barnsins þegar liggur fyrir hverjir hafa óskað eftir utanskólavali.

Hvað	Ef ég æfi íþróttir eða annað í ...	...get ég fengið utanskólaval annað hvort á þriðjudegi eða fimmtudegi.
Íþróttæfingar, tónlistarnám, sjálfboðaliðastarf, nám í framhaldsskóla.	4 - 5 klst á viku	1 tímabil
	6 - 12 klst á viku	2 tímabil
	13 klst eða meira á viku	3 tímabil



Tímabil 2

Fimmtudagsval

6. nóvember – 8. janúar

kl. 13.50 – 15.10

Vatnslitamálun

Markmið: Að skapa vatnslitaverk á vatnslitapappír út frá eigin áhuga.

Vinnuferlið:

Nemendur skoða vatnslitamyndir og myndbönd eftir fullorðna og athuga hvað sé hægt að læra af þeim. Læra um vatnslitapensla, vatnsliti og 300 gr vatnslitapappír. Fá góða þjálfum með stuttum æfingum hvernig stjórna þarf vatnsmagninu sem notað er við að mála. Gera einnig spes æfingar með vatnslitaaðferðunum blautt á þurrt og blautt í blautt. Eftir æfingar er unnið myndefni að eigin vali á vatnslitapappír. Nemendur mega hafa með sér tölvu í tímana til efnisöflunar.

Námsmat: Leiðsagnarmat sem samanstendur af jafningjamati og sjálfsmati. Matskvarðinn A-C er notaður.

Kennari: Hrefna Egilsdóttir

Staður: Stofa 21



Í aðdraganda jóla – heimilisfræði

Hver elskar ekki jólin? Á þessu valnámskeiði verða búnir til ýmsir réttir sem tengjast jólum og aðdraganda þeirra.

Markmið er að nemendur...

- Efli færni sína í matreiðslu og baksri.
- Tileinki sér hreinlæti og góð vinnubrögð.
- Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu með öðrum.
- Auki áhuga sinn fyrir matargerð og bakstri.

Námsmat: Hæfniviðmið í lotu og virkni í tímum.

Kennarar: **Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir** og Irma Gná Jakobsdóttir

Staður: Heimilisfræðistofa



Frístund

Markmið: Að læra að annast unga krakka og aðstoða þau í leik. Góður undirbúningur fyrir þá sem hafa hugsað sér að sækja um vinnu í Sumarfrístund.

Þáttakendur taka þátt í starfi í Frístund (eftir skóla fyrir börn í 1. – 4. bekk).

Verkefnið felst í að vera með börnunum í Frístund, leika við þau úti og inni, undirbúa kaffitíma og vera með þeim þar.

Umsjón: Þórdís Kristvinsdóttir

Staður: Frístund í Friðheimum /á leikvelli



Jólagleði – eitt og annað brasað í textílmenntastofunni

Markmið

Að nemendur efla færni sína og skilning í textílmennt.

Að nemendur efla sjálfstæð vinnubrögð og geti gert grein fyrir vinnu sinni.

Að nemendur eflist í samvinnu og að bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra.

Viðfangsefni

Nemendur vinna mismunandi verkefni í ólíkan efnivið. Hægt er t.d. að hekla, prjóna, sauma út, bútasauma og fleira. Nemendur eru hvattir til að koma með eigin óskir að verkefnavinnu og mun kennari veita handleiðslu þannig að nemendur geti nýtt færni sína og elft hana með verkefnavali.

Námsmat

Frammistöðumat út frá metanlegum hæfniviðmiðum og sjálfsmat nemenda. Áhersla er lögð á að nemendur nýti tímana vel og sýni frumkvæði og vönduð vinnubrögð.

Kennari: Esther Kjartansdóttir

Staður: Textílmenntastofa



Leirmótun - jólaverkefni

Markmið:

Að nemendur kynnist möguleikum jarðleirs til nytja – og listsköpunar og fræðist um listamenn, verk og tækni.

Að nemendur geti unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna.

Að nemendur geti gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra.



Viðfangsefni:

Nemendur læra nokkrar aðferðir til leirmótunnar og vinna hluti tengda jólum samkvæmt þeim. Einnig læra þeir um meðferð glerunga. Nemendur eflast í að gera vinnuteikningar og vinna á skipulagðan hátt.

Námsmat:

Frammistöðumat út frá metanlegum hæfniviðmiðum og sjálfsmat nemenda. Áhersla er lögð á að nemendur nýti tímana vel og sýni frumkvæði og vönduð vinnubrögð.

Kennari: Kristín Hlíðkvist Skúladóttir

Staður: Myndmenntastofa

Nemendaráð

Nemendaráð tekur til starfa á 2. val tímabili.

Valið gildir til vors og þeir sem sitja í nemendaráði velja því ekki annað val á fimmtudögum.

Verkefni nemendaráðs snýr að skipulagningu á félagsstarfi nemenda á unglingastigi. Hluti af valinu fer fram í kringum stærri eins og jólaskemmtanir, árshátíðir, þorablót ásamt öðrum mögulegum viðburðum sem nemendaráð vill koma á laggirnar.

Fundartími nemendaráðs er í val tímum.

Annað sem nemendaráð kemur til með að skipuleggja og framkvæma:

- ✓ Koma með tillögur að og aðstoða við að gera nemendarymin notaleg.



viðburði

- ✓ Skipuleggja leiki og uppákomur einu sinni í viku í matsal eða úti – í fyrri frímínútum. Það gæti verið spurningarkeppni, bingó, Olsen Olsen keppni, hver er lengst í planka, boðhlaup, Asni....
- ✓ Fastir viðburðir (jólaskemmtun / þorablót): Þar þarf að skreyta, leggja á borð, skipuleggja skemmtiatriði, þ.e. allt sem viðkemur viðburðum.

Umsjón: Bylgja Borgþórsdóttir

Staður: Auglýst á töflu á elsta-stigs gangi

Utanskólaval

Nemendur geta skráð sig í utanskólaval ef ...

- Þeir stunda nám í tónlistarskóla (m. tónfræði)
- Þeir stunda nám í áföngum í ME.
- Æfa skipulagðar íþróttir.
- Taka þátt í skipulögðu sjálfbóðaliðastarfi (Rauði kross, björgunarsveitir, Bíbí, ...)

Utanskólavalið er hægt að velja á þriðjudögum og fimmtudögum en þó ekki báða daga á sama tímabili.

Foreldrar & forsjáraðilar munu fá póst þar sem þeir eru beðnir um að staðfesta utanskólaval barnsins þegar liggur fyrir hverjir hafa óskað eftir utanskólavali.

Hvað	Ef ég æfi íþróttir eða annað í ...	...get ég fengið utanskólaval annaðhvort á þriðjudegi eða fimmtudegi
Íþróttaæfingar, tónlistarnám, sjálfbóðaliðastarf, nám í framhaldsskóla.	4 - 5 klst á viku	1 tímabil
	6 - 12 klst á viku	2 tímabil
	13 klst eða meira á viku	3 tímabil

